



Héraðsnefnd Árneseinga bs.

18. fundur haldinn ráðhúsinu í Þorlákshöfn

12. maí 2020 kl. 9:00

Eyþór H. Ólafsson, formaður Héraðsnefndar Árneseinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

Í upphafi fundar var flutt tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Árneseinga. Flytjendurnir koma allir úr Þorlákshöfn og eru Auður Helga Halldórsdóttir, þverflauta, Emelía Hugrún Lárusdóttir, saxafónn, Erla María Ingólfssdóttir, þverflauta, Gígja Rut Gautadóttir, þverflauta, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, saxafónn, Ingunn Guðnadóttir, þverflauta, Sigríður Fjóla Þórarinsdóttir, þverflauta og Gestur Áskelsson, klarínetta. Þau léku Italian medley eftir James McLeud.

1. Kosning í kjörnefnd

Lögð var fram svohljóðandi tillaga að kjörnefnd:

Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Arna Ír Gunnarsdóttir Sveitarfélagið Árborg

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

2. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Tónlistarskóla Árneseinga

Helga Sighvatsdóttir og Jóhann Stefánsson sátu fyrir svörum.

Helga fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga nr. 194 frá 29. nóvember og nr. 195 frá 7. febrúar voru lagðar fram til kynningar.

Til máls tók auk formanns Kristín Magnúsdóttir formaður stjórnar TÁ.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árneseinga var lagður fram og staðfestur.

Helga sagði frá vetrarstarfinu sem hefur verið tvískipt í vetur þ.e. fyrir og eftir Covid. Í upphafi var hefðbundið skólastarf með æfingum, tónleikum og öðrum viðburðum eins og búið var að skipuleggja.

Fulltrúar frá TÁ tóku þátt í fjölda tónleika. Haldnir voru 7 deildartónleikar, á þeim koma fram allar hljómveitir og kórar skólans auk smærri samspilsatriða og einleikarar. Samstarf var við Tónskóla Sigursveins og voru í framhaldi af því haldnir píanóhringekjutónleikar. Nemendur tóku þátt í smærri tónleikum auk þess að taka þátt í tónleikum og lúðrasveitamarþoni í Hörpu en það er ekki sjálfgefið að komast þangað. Haldnir voru kertatónleikar strengjasveitarinnar í Listasafni Árneseinga.

Nemendur og kennarar hafa einnig verið sýnilegir í samfélaginu, m.a. við útskrift hjá FSu, leikið var í grunn- og leikskólum ásamt heimsóknnum á hjúkrunarheimili. Haldnir voru sjö svæðistónleikar á degi tónlistarskólanna og tók um helmingur nemenda þátt í þeim. Um 90 nemendur eru í Suzukínámi en kennslan gengur mikið út á samspil. Einnig fóru nemendur út fyrir landsteinana í blokkflautukeppni. Kennarar sóttu ýmis námskeið, m.a. í píanókennslu, og einnig eru mörg námskeið fyrir Suzukikennara.

Þegar samgöngubann vegna Covid-19 var sett á var kennt í fjarkennslu. Var áhugavert að sjá hvað allir tóku þessu vel og unnu vel úr þessum aðstæðum, á það bæði við um nemendur og kennara. Í kjölfarið féllu allar samspilsæfingar og hóptímar niður og munu ekki fara í gang aftur í vor.

Kennsla er nú hafin að nýju með ýmsum breytingum. Reyna á að halda úti öllum prófum og verður skólaslitsvikan nýtt til að ljúka þeim prófum sem út af stóðu í mars. Í vor verða engir tónleikar en þeim er ýmist frestað eða þeir felldir niður. Ferðir sem fara átti erlendis hafa verið felldar niður og skólaslit verða ekki með hefðbundnum hætti. Kennarahópurinn er mjög stöðugur og lítil hreyfing á fólki en tveir kennarar munu þó láta af störfum í haust og er ráðning nýrra kennara í ferli.

Til máls tóku auk formanns Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi S. Haraldsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

3. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga

Eyþór H. Ólafsson, formaður, fór yfir skýrslu stjórnar og yfir þau verkefni sem unnin hafa verið frá vorkundi.

Framkvæmdastjórn hefur haldið 6 fundi frá því á haustfundi. Helstu verkefni sem unnið hefur verið að eru m.a. húsnæði Byggðarsafnsins að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka þar sem framkvæmdir hafa haldið áfram samkvæmt áætlun. Unnið er að endurnýjun á þak- og utanhússklæðningu en þakið er í betra ástandi en haldið var. Áætlað er að fara í vinnu við endurnýjun innviða með haustinu.

Þjóðminjasafnið tók við sínum hluta í nóvember og er þegar flutt inn með mikið af munum, það hefur einnig gefið rekka sem verða notaðir undir muni Byggðasafnsins. Til gamans má geta að það er mikil ánægja hjá Þjóðminjasafninu með framkvæmdina hjá Byggðasafni Árnesinga.

Munirnir sem voru í Mundakotsskemmuni hafa nú verið fluttir í nýja húsnæðið en ekki er búið að tæma gáminn frá Byggðasafni Ölfuss.

Einnig hefur verið unnið að húsnæðismálum fyrir Héraðsskjalasafnið. Unnið hefur verið út frá staðsetningu á Selfossi. Rætt hefur verið um að staðsetja safnið í nýbyggingu að Austurvegi 60, en hér er aðeins um hugmynd að ræða og hafa Kjartan Björnsson, Helgi S. Haraldsson og Þorsteinn Másson á Héraðsskjalasafninu verið að vinna í hugmyndum að húsnæði fyrir safnið, ekkert fjármagn hefur þó verið lagt til verksins.

Gengið hefur verið frá þriggja ára samningum um öryggismál bæði fyrir fjargæslu og reglubundnar úttektir fyrir öll söfnin. Búið er að bæta við og endurnýja myndavélar þar sem þurfti og hefur náðst betra utanumhald í kjölfarið.

Málefni Alviðru og Laxabakka hafa verið í deigluinni en húsakosturinn á báðum stöðum er orðinn mjög slæmur. Fyrihugað er að leigja Alviðru út í 20 daga í sumar til kvikmyndagerðar.

Smári Bergmann Kolbeinsson tók til máls og sagði frá framkvæmdum sem standa yfir á veiðishúsinu við Alviðru. Gerður hefur verið samningur við Stangaveiðifélag

Reykjavíkur og er unnið að samkomulagi um nýtingu veiðimanna á veiðihúsinu núna í sumar, einnig er verið að kanna möguleika á því að skrá það sem íbúðarhúsnæði en með því kæmu inn fastar tekjur.

Unnið er að endurgerð gönguleiðakorta um svæðið og eru þau komin í prentun. Samfélagssjóður Landsbankans styrkti það verkefni.

Landvernd er með marga af sjálfbóðaliða sem eru tilbúnir að laga göngustíga. Það er verið að skoða hvort hægt sé að koma á skógrækt í Alviðru og er búið að hafa samband við Böðvar Guðmundsson hjá Skógræktarfélagi Árnassýslu til að fá þau til samstarfs.

Stjórn Alviðru hefur lýst yfir vilja til að komast að samkomulagi við Íslenska bæinn ehf um undirritun lóðarblaðs svo að byggingarfulltrúi geti gefið út byggingarleyfi fyrir framkvæmdum og endurbótum á húsinu við Laxabakka.

Rætt hefur verið um uppskiptingu á jörðunum og hefur þá verið rætt um hvort Landvernd fái Alviðru en þeir hafa nýlega stofnað hópinn “Vini Alviðru” og að sveitarfélögin fengju þá Öndverðares.

Formaður reddi um sameinginleg mál stofnana sem enn á eftir að taka fyrir svo sem endurskoðun reikninga, tölvumál og nettengingar, heimasíður, markaðs- og kynningarmál. Vonast er til að hægt verði að fara í þessa vinnu sem fyrst.

Til máls tóku auk formanns Smári Bergmann Kolbeinsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Helgi Kjartansson, Kristín Magnúsdóttir, Árni Eiríksson, Helgi S. Haraldsson og Valgerður Sævarsdóttir.

Skýrsla Héraðsnefndar var lögð fram og samþykkt.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða um málefni jarðanna Alviðru og Öndverðarness II:

„Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga, haldinn í Þorlákshöfn 12. maí 2020, ályktar eftirfarandi um málefni jarðanna Alviðru og Öndverðarness II:

Héraðsnefnd Árneseinga (HÁ) óskar eftir uppskiptingu eigna Alviðrustofnunar sem er í sameign Héraðsnefndar og Landverndar. Héraðsnefnd óskar eftir því að fá land Öndverðarness II en Landvernd fengi land og eignir Alviðru. Héraðsnefnd leggur áherslu á að Öndverðarness yrði eftir sem áður ósnortið útivistarsvæði og að lagður yrði metnaður í að viðhalda göngustígum og vernda svæðið til framtíðar.

Jafnframt er ljóst að eftir sem áður myndu skilmálar gjafagjörningsins gilda um báðar jarðir, þ.e. að þær yrðu nýttar til landgræðslu- og náttúruverndar og ákvæði um eftirlitsskyldu þyrftu að uppfyllast áfram.

Vorfundur Héraðsnefndar Árneseinga felur framkvæmdastjórn ásamt fulltrúa HÁ í Alviðrunefnd að vinna að framgangi málsins.“

Fundargerð Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 17 frá 15. október var lögð fram og samþykkt samhljóða. Einnig voru fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. nr. 14 frá 9. desember, nr. 15 frá 15. janúar, nr. 16 frá 28. janúar, nr. 17 frá 19. febrúar, nr. 18 frá 21. apríl, nr. 19 frá 5. maí og nr. 20 frá 11. maí lagðar fram og samþykktar samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Kjartan Björnsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir og Helgi Kjartansson.

4. Kosningar í framkvæmdastjórn og nefndir samkv. samþykktum HÁ
Halldóra Hjörleifsdóttir lagði fram tillögu kjörnefndar að framkvæmdastjórn og nefndum.

Kosning framkvæmdastjórnar til tveggja ára (5 aðalmenn og 5 til vara).

Lagt var til og samþykkt samhljóða að framkvæmdastjórn verði skipuð eftirfarandi aðilum:

Eyþór H. Ólafsson, formaður, Hveragerði
Árni Eiríksson, varaformaður, Flóahreppur
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Helgi S. Haraldsson, Sveitarfélagið Árborg
Kristín Magnúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Til vara:

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppur
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Jón Páll Kristófersson, Sveitarfélagið Ölfus

Skipan stjórnar og varamanna fyrir stofnanir

Eftirfarandi tillögur um stjórnir á vegum Héraðsnefndar Árnesinga bs. voru samþykktar samhljóða:

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga:

Kristín Magnúsdóttir, formaður, Sveitarfélagið Ölfus
Kolbrún Haraldsdóttir, Hrunamannahreppur
Sigurjón Vídalín, Sveitarfélagið Árborg

Til vara:

Sigurður Einar Guðjónsson, Hveragerði
Róbert Aron Pálmason, Bláskógabyggð
Tómas Ellert Tómasson, Sveitarfélagið Árborg

Stjórn Byggðasafns Árnesinga

Árni Eiríksson, formaður, Flóahreppur
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Hveragerði
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg

Til vara:

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Steinar Lúðvíksson, Sveitarfélagið Ölfus
Klara Öfjörð Sigfúsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga

Kjartan Björnsson, formaður, Sveitarfélagið Árborg
Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Til vara:

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitafélagið Árborg
Hrafnkell Guðnason, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði

Stjórn Listasafns Árnesinga

Helgi Haraldsson, formaður, Sveitarfélagið Árborg
Anna Kr. Ásmundsdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerði

Til vara:

Sólveig Þorvaldsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Grétar Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Stjórn Brunavarna Árnessýslu

Eyþór H. Ólafsson, formaður, Hveragerði
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ingibjörg Harðardóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur
Gísli Halldór Halldórsson, Sveitarfélagið Árborg
Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppur

Til vara:

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus
Eggert Valur Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Tómas Ellert Tómasson, Sveitarfélagið Árborg
Björgvin S. Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Alviðrunefnd

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Til vara:

Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg

Fulltrúaráð EBÍ

Björgvin Skafti Bjarnason, Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Til vara:

Halldóra Hjörleifsdóttir, Hrunamannahreppur

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kristín Magnúsdóttir og Kjartan Björnsson.

5. **Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Héraðsskjalasafns Árnesinga** Þorsteinn Tryggvi Másson sat fyrir svörum.

Þorsteinn fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tók auk formanns Njörður Sigurðsson.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 24 apríl var lögð fram til kynningar.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

Þorsteinn ræddi um starfsáætlun safnsins. Þrír starfsmenn eru fastráðnir hjá safninu. Einnig er starfsmaður í verkefni frá Virk og hefur sá starfsmaður verið í innskönnun á ljósmyndum.

Verkefni með umhverfis- og tæknisviði Uppsveita Árnessýslu heldur áfram og er stefnt á að því ljúki nú á árinu en um er að ræða innskönnun, flokkun og skráningu á skjölum. Safnið hyggst vinna að samvinnuverkefni með Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga og hefur fengist styrkur til þess. Einnig er unnið með lögreglunni á Suðurlandi í frágangi á skjölum og unnið er í húsaskráningu á Eyrarbakka vegna verkefnisins um Verndarsvæði í byggð, bæði þessi verkefni ganga vel þó Covid-19 hafi haft áhrif á framgang þessara verka.

Opnað var fyrir innsendingar á ábendingum á Myndasetursvefnum og hafa í kjölfarið komið margar slíkar og jókst það til muna í samkomubanni.

Um leið og safnið opnaði eftir samkomubann hefur fyrirspurnum og erindum fjölgað. Héraðsskjalasafnið mun taka að sér hlutverk persónuverndarfulltrúa fyrir nokkur sveitarfélög innan sýslunnar og hafa nú þegar tvö sveitarfélög skrifað undir samninga, er þetta spennandi viðbót við þjónustuna. Unnið er í endurskráningu á afhendingum frá árinu 2002 í samræmi við ISAD-G og ISDIAH staðla en árið 2020 er skráð jafn óðum. Nú eru um 20 hillumetrar lausir á safninu. Undirbúningur vegna strikamerkinga á umbúðum er að hefjast og hefur verið leitað eftir samvinnu við fleiri héraðsskjalasöfn vegna þess verkefnis. Héraðsskjalasafnið svarar tæplega 900 fyrirspurnum og erindum á hverju ári.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen og Helgi Kjartansson.

6. **Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga**

Bent Larsen Fróðason og Snorri Sigurðsson frá Akurhólum ehf komu inn á fundinn, Þorsteinn Másson var einnig inni á fundinum.

Bent kynnti hugmynd að húsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga en Akurhólar ehf eru með lóð að Austurvegi 60 á Selfossi þar sem þeir hyggjast byggja húsnæði fyrir eldri borgara með einhvers konar þjónustu í sama húsinu. Finnst þeim áhugavert að hægt væri að nýta þjónusturýmið undir safnið.

Sýndi hann teikningar af húsinu, bæði útlit og innviði. Í boði er hvort sem er að leigja eða kaupa húsnæðið og ef leiga yrði fyrir valinu er möguleiki á að gera samning um

forkaupsrétt. Húsnæðinu yrði skilað tilbúnu með þeim útfærslum sem hafa verið lagðar fram.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Snorri Sigurðsson, Þorsteinn Másson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir og Helgi Kjartansson.

Framkvæmdastjórn óskaði eftir viðbrögðum frá fundi Héraðsnefndar varðandi húsnæðismál fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi Kjartansson, Kristín Magnúsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Árni Eiríksson, Kjartan Björnsson, Björgvin Skafti Bjarnason, Njörður Sigurðsson, Gunnar Egilsson, Árni Eiríksson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Brynhildur Jónsdóttir og Valgerður Sævarsdóttir.

Eftirfarandi var bókað:

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir samhljóða að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga að skipa starfshóp um húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga, til að leysa bráðavanda og framtíð safnsins. Starfshópur skili af sér hugmyndum eigi síðar en á næsta haustfundi HA.

Hádegishlé

Kynning á vegum Sveitarfélagsins Ölfuss

Grétar Ingi Ellertsson tók til máls og sagði frá Þekkingarsetri Ölfuss um orkufreka matvælaframleiðsla.

Miðað við fólksfjölgunarspár þá er gert ráð fyrir að matarþörf aukist gríðarlega á næstu árum. Matvælaíðnaðurinn er risaatvinnugrein og þar eru stórvirkar vinnuvélar sem plægja akrana. Það þarf að huga að því að ganga ekki of mikið á lífríkið, það þarf að huga meira að tækninni. Orka er í rauninni ódýr á Íslandi miðað við önnur lönd. Mörg sveitarfélög búa yfir miklum tækifærum hvað varðar orkufreka matvælaframleiðslu. Í Ölfusi er næg orka, vatn og staðsetningin er góð. Mikil vinna hefur farið í undirbúning og framkvæmd verkefnisins og hefur bæjarstjórn Ölfuss nú tekið ákvörðun um að leggja frekari fjármuni í verkefnið. Markmiðið er að vinna áfram að þeim verkefnum sem fyrir eru og fjölga fyrirtækjum og stuðla að vexti þeirra. Það eru fyrirtæki sem hafa sýnt þessu mikinn áhuga og eru spennt og tilbúin að taka þátt. Búið er að ráða starfsmannastjóra og nú þarf að ráða starfsmenn til að móta starfið. Það eru spennandi verkefni fram undan í þessum málum.

Til máls tóku auk formanns Árni Eiríksson og Aldís Hafsteinsdóttir.

7. Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Almannavarna

Ásta Stefánsdóttir sat fyrir svörum.

Ásta fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðir Almannavarnanefndar Árnessýslu nr. 3 frá 13. nóvember, nr. 4 frá 2. febrúar og nr. 5 frá 3. mars voru lagðar fram til kynningar. Fundargerðir

frankvæmdaráðs Almannafráðanna Árnassýslu frá 27. janúar, 3. mars og 8. maí voru lagðar fram til kynningar.

Ársreikningur Almannafráðanna Árnassýslu var lagður fram og staðfestur.

Til máls tók auk formanns Halldóra Hjörleifsdóttir.

8. **Ársreikningur, skýrsla og fundargerðir Brunannafráðanna Árnassýslu**

Pétur Pétursson, Unna Björg Ögmundsdóttir, Haukur Grönlí, starfsmenn Brunannafráðanna Árnassýslu, komu inn á fundinn og Auðunn Guðjónsson frá KPMG og sátu fyrir svörum.

Pétur ræddi um Covid hjá Brunavörnum Árnassýslu en húsinu var lokað fyrir utanaðkomandi og aðgengi starfsmanna stýrt. Húsinu var skipt upp í rými og voru ákveðnir menn á sömu vöktum. Sal og líkamsræktarstöð var lokað og gerðu starfsmenn sitt eigið prógramm sem þeir æfðu eftir bestu getu í bílasal. Föstum starfsmönnum var skipt upp og gerðar voru verklagsreglur. Einnig voru útbúnar reglur fyrir vinnu á vettvangi.

Settar voru upp áætlanir um þrif á húsnæði og tækjum. Það komu ekki upp nein smit í húsinu öllu. Ýmiss konar hvatning um hreyfingu var komið til starfsmanna sem hægt er að gera heima. B.A. voru duglegir að setja inn upplýsingar inn á heimasíðuna með margvíslegum upplýsingum sem þurfti að koma á framfæri til almennings.

Pétur ræddi um starfsemi slökkviliðsins á árinu 2019. Ráðnir voru inn tveir slökkviliðsmenn í útkallslið á árinu en þeir hafa einnig unnið hin ýmsu viðhaldsstörf innan slökkviliðsins. Þurftu þeir að standast líkamlegt próf undir handleiðslu sérfræðings en einnig fóru þeir í skriflegt próf og yfirheyrslu. Einn maður var ráðinn inn í desember vegna veikinda starfsmanns og er hann enn í vinnu vegna auka álags í slökkvitækjaþjónustu og námskeiðshaldi, einnig hefur hann haldið utan um innleiðingu á skráningarkerfi búnaðar B.A. ásamt því að fara í útköll með dagvinnuliði þegar það er mögulegt. B.A. hafa verið með fjölda námskeiða og fyrirlestra á árinu um gróðurelda en ekki er vanþörf á að fræðast um þessi mál. Einnig hafa starfsmennirnir sjálfir sótt mörg námskeið. Þeir æfa mikið með tengdum aðilum m.a.

Landhelgisgæslunni.

B.A. hélt ráðstefnu um eld í rafmagnsbílum, margir sóttu þessa ráðstefnu og voru þar mjög góðar umræður. Einnig eru Brunavarnir með mörg námskeið, m.a. fyrir björgunarsveitir, lögregluna o.fl. Þeir kenna öllum þeim sem vilja hlusta.

Gerður var samningur við Mannvirkjastofnun um kennslu í eldvarnaeftirliti og er stefnt á að vera með frekari námskeið með svipuðu sniði.

Brunavarnir fara mikið í heimsóknir í skóla og leikskóla og hafa í leiðinni fært börnunum sundpoka að gjöf.

Nýr tankbíl var keyptur á árinu og er hann vistaður í Hveragerði. Einnig hefur verið keyptur búnaður til að nota í útköllum vegna gróðurelda en hann nýtist einnig í öðrum verkefnum. Sett hefur verið upp þvottaaðstaða til þrifa á göllum og tækjum en mikið af krabbameinsvaldandi efnum myndast við slökkvistarf.

Það var örlítill aukning í umferð milli 2018-2019 eða um 0,7%. Árið 2019 var metár í fjölda útkalla og voru flest útköll vegna elds. Það næst betri stýring á útköllum eftir að útkallslið í dagvinnu var sett á legg en um 42% útkalla var á tímabilinu kl. 8:00 - 16:00 á virkum dögum. Pétur fór yfir forgangsskiptingu útkalla og ræddi um samanburð milli ára.

Að lokum sagði hann frá vel heppnaðri heimsókn til slökkviliðsins í Bergen í maí 2019.

Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 7 frá 28. apríl var lögð fram til kynningar.

Pétur fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Ársreikningur Brunavarna Árnessýslu var lagður fram og staðfestur.

9. Ársreikningur og fundargerðir Listasafns Árnesinga

Kristín Scheving og Helgi S. Haraldsson sátu fyrir svörum.

Kristín fór yfir starfsemi safnsins. Listasafn Árnesinga nýtur mikilla virðingar. Árið 2019 var mjög viðburðaríkt, það fjölgaði heimsóknum á safnið. Það hafa verið mjög flottar sýningar á árinu, bæði með innlendum og erlendum listamönnum. Aukning hefur orðið á smiðjum á safninu á árinu og hafa þær verið vel sóttar, fyrirhugað var að fjölga smiðjum á árinu 2020 en það þarf að skoða betur út frá þeim reglum sem fylgja Covid.

Safnið er komið með nýja heimasíðu og eru þar miklar upplýsingar um safnið sjálft og einnig sýningarnar og viðburði sem eru fram undan og einnig um þá viðburði sem eru liðnir, ásamt fræðslu. Heimasíðan er aðgengileg á íslensku og ensku. Safnið er duglegt að sækja um styrki og hafa fengið nokkra úthlutaða.

Til máls tók auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir.

Kristín og Helgi S. Haraldsson fóru yfir ársreikninginn og svöruðu fyrirspurnum.

Fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga frá 25. nóvember, 16. desember, 20. desember og 24. apríl maí voru lagðar fram til kynningar.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

10. Ársreikningur og fundargerðir Byggðasafns Árnesinga og fundargerðir og staða á framkvæmdum við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka

Lýður Pálsson sat fyrir svörum.

Lýður fór yfir starfsemi safnsins árið 2019. Starfsemin og opnun safnsins hefur verið með hefðbundnum hætti þetta árið. Ráðinn var inn nýr starfsmaður, Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir, safnafræðinemi og íslenskufræðingur í byrjun mars í stað Lindu Ásdísardóttur.

Lýður ræddi um framkvæmdir og viðhald á Húsinu sem farið var í sl. sumar. Húsið var tjargað og gluggarnir voru teknir í gegn ásamt því að gert var við glugga í Assistentahúsinu. Einnig var farið í að endurnýja og laga öryggis- og brunakerfi í húsnaðum safnsins. Margar sýningar voru haldnar í safninu en þó voru aðeins færri gestir sem sóttu safnið en árið áður og var fækkunin einna helst á erlendum

ferðamönnum, skólaheimsóknir hafa aukist milli ára. Gert er ráð fyrir að einhver fækkun verði á gestafjölda í ár í kjölfar Covid.

Lýður fór yfir ársreikninginn og svaraði fyrirspurnum.

Til máls tóku auk formanns Kristín Magnúsdóttir, Árni Eiríksson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga var lagður fram og staðfestur.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 12 frá 29. október, nr. 13 frá 14. janúar, nr. 14 frá 16. apríl voru lagðar fram til kynningar.

Fundargerðir byggingarnefndar Byggðasafns Árnesinga nr. 5 frá 29. október og nr. 6 frá 20. apríl voru lagðar fram til kynningar.

Sýndar voru myndir af framkvæmdum við Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fór Lýður yfir breytingar á húsnæðinu, m.a. hefur verið útbúin góð vinnuaðstaða til móttöku á safngripum. Búið er að flytja muni úr Mundakotsskemmuni og yfir á Búðarstíginn. Þjóðminjasafnið hefur gefið safninu hillur sem munu verða settar upp en einhver bið er eftir brettahillum sem pantaðar voru og eru fastar erlendis. Verið er að vinna í húsinu að utanverðu, bæði í veggjum og þaki. En fara á í innviðalagfæringu síðar á árinu.

Til máls tóku auk formanns Ari Björn Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir og Árni Eiríksson.

11. Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

12. Fjallskilasamþykkt fyrir landnám Ingólfs

Smári Bergmann Kolbeinsson tók til máls og fór yfir ályktun um fjallskilasamþykkt fyrir landnám Ingólfs og breytingar sem lagðar eru til í henni, m.a. á að færa til réttardaga.

Tillaga að fyrirhuguðum breytingum á fjallskilasamþykkt fyrir landnám Ingólfs var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

13. Önnur mál

Kjartan Björnsson tók til máls og lagði fram tillögu að ályktun um menningarsal Suðurlands:

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga haldinn í Þorlákshöfn 12. maí 2020 skorar á alþingismenn Suðurkjördæmis og ríkisstjórn Íslands að klára samning um menningarsal Suðurlands svo hægt verði að ljúka við hann á næstu tveimur árum. Eins og allir vita á aðeins eftir að klára að innréttu svo hægt sé að taka hann í gagnið, menningu í víðri merkingu á Suðurlandi til heilla. Sveitarfélagið Árborg er tilbúið að klára salinn um leið og samningar eru undirritaðir og þar með verði hægt að ljúka við löngu gefið loforð ríkisins um uppbyggingu menningarsalar á Suðurlandi. Hægt er að

hefja og klára framkvæmdir með stuttum fyrirvara og þar með treysta atvinnulíf og atvinnu nú í kjölfar efnahagslegrar óvissu vegna Covid ástandsins í þjóðfélaginu.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Þakkaði Eyþór héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar. Fundi slitið kl. 16:35

Fundinn sátu: (sign)

Eyþór H. Ólafsson	Hveragerði
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Kjartan Björnsson	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kristín Magnúsdóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Valgerður Sævarsdóttir	Bláskógabyggð
Smári Kolbeinsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Halldóra Hjörleifsdóttir	Hrunamannahreppur
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Björgvin Skafti Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ingvar Hjálmarsson	Skeiða- og Gnúpverjarhreppur
Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Brynhildur Jónsdóttir	Árborg
Eggert Valur Guðmundsson	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Tómas Ellert Tómasson	Árborg
Rósa Matthíasdóttir	Flóahreppur
Jón Páll Kristófersson	Sveitarfélagið Ölfus
Þrúður Sigurðardóttir	Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari